

Skólaráðsfundur með stjórn foreldrafélagsins miðvikudaginn 25.3.2025 í Lundi.

Mætt eru: Kristín Eva, Svala Rut, Silja Rún, Hildur, Rakel Anna, Ómar, Hrund. Rakel Anna vék af fundi 16:45 og Hrund tók við ritun fundargerðar.

Fundarritari: Rakel Anna

1. Farið yfir leikskóladagatal og skóladagatal
 - a. Skýringar: leikskólinn byrjar aðeins seinna í haust vegna þess að hann hættir seinna í sumar
 - b. Leikskóladagatal og skóladagatal 2026-27 skoðast samþykkt
2. Lesferill - Skólastjóri fór yfir góðar niðurstöður lesfimiþrófanna í Öxarfjarðarskóla enda er lestur settur í öndvegi.
3. Farið yfir niðurstöður spurningakannana *Skólapúlsins* sem lagður var fyrir nemendum í október og nóvember 2025 og spurningalista sem sendur var til leikskólaforeldra í mars 2026.

Sérstaka athygli vekur að í öllum könnunum Skólapúlsins er mikil ánægja með matinn í skólanum eða yfir 20 – 45% af landsmeðaltali.

 - a. **Foreldrakönnun leikskólabarna.** Foreldrar eru almennt ánægðir með starf leikskólans og starfsfólkið sem þar er, traust til stjórnenda og ánægja með þjónustu skólabíla en um helmingur barnanna nýtir sér skólabíla. Það sem betur má fara að mati foreldra er útisvæðið enda er leikskólalóðin of lítil.
 - b. **Nemendakönnun 2. – 5. bekkur.** Könnunin sýnir marktækt meiri ánægju af lestri miðað við jafnaldra á landinu og einnig vellíðan ásamt mikilli ánægju með matinn eða 100% á móti 80% á landsvísu.
 - c. **Nemendakönnun 6. – 10. bekkur.** Ánægja af lestri, stærðfræði og náttúrufræði auk trúar á eigin vinnubrögðum í námi eru marktækt meiri í Öxarfjarðarskóla en á landsvísu. Þá mælist skóla- og bekkjarandi einnig marktækt meiri en yfir landið. Varðandi líðan og velferð eru nemendur nokkuð á pari við jafnaldra í landinu – ef til vill örlítið hærri. Þá er ánægjulegt að um 94% nemenda eru ánægðir með matinn á móti 45% á landsvísu.
 - d. **Foreldrakönnun.** Foreldrar eru almennt ánægðir hvað velferð nemenda varðar og einnig með nám og kennslu - einnig hvernig skólinn mætir þörfum nemenda eða 93,5%. Rúmlega 70% eru ánægð með eineltisáætlun skólans en hún er í endurskoðun og verður uppfærð í lok skólaárs. Talsvert minni ánægja foreldra er með aðstöðu í skólanum en á landsvísu og þar spilar skólalóðin inn í en meirihluti er frekar eða mjög óánægður með aðstöðu í frímínútum og útivist. Almenn ánægja er meðal foreldra með matinn eða 93,3% á móti 74% á landsvísu. Allir þættir sem varða foreldrasamstarf eru um og yfir landsmeðaltali og athygli vekur að rúmlega 18% fleiri foreldrar en á landinu, hafa væntingar til iðnnáms

barna sinna á meðan 18% foreldra hafa minni væntingar til háskólanáms en á landsvísu til barna sinna.

Þá þykir smæðin styrkur sem og auðvelt aðgengi að starfsfólki skólans. Ýmislegt var nefnt sem betur má fara eins og t.d. útisvæðið/bílaplanið, Mentor, agi o.fl.

Allar kannanirnar má sjá á heimasíðu skólans undir *Innra mat > kannanir á líðan og samskiptum*

4. Önnur mál

Í ljósi bókunar Byggðaráðs og afgreiðslu sveitarstjórnar Norðurþings á frestun framkvæmda við sundlauginu í Lundi var eftirfarandi ályktun bókuð sem senda á til fjölskylduráðs og byggðaráðs:

Skólaráð og stjórn foreldrafélags Öxarfjarðarskóla lýsa yfir gríðarlegum vonbrigðum og harma þá ákvörðun byggðaráðs Norðurþings frá 23.mars sl og í kjölfarið samþykkt sveitarstjórnar þann 25.mars, að fresta framkvæmdum við sundlauginu í Lundi.

Skólastjóri hafði fengið staðfestingu á því, alveg fram á síðasta dag, að farið yrði í þessar framkvæmdir þannig að sundkennsla gæti hafist á vorönn 2027. Enda er það í síðasta lagi til að geta haldið úti lögbundinni sundkennslu svo enginn árgangur falli niður í kennslu. Það var vitað.

Samkvæmt 5.gr grunnskólalaga nr. 91/2008, ber sveitarfélagið ábyrgð á að þjónusta grunnskóla sé samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna. Einnig bera sveitarfélög ábyrgð á húsnæði og búnaði grunnskóla og framkvæmd grunnskólastarfs. Þá er sömuleiðis kveðið á um það í meginmarkmiðum nýendurskoðaðrar **Menntastefnu Norðurþings 2026-2031** að skólarnir hafi stuðning og aðgang að búnaði og starfsþróun til að framkvæma persónumiðað gæðastarf við heilnæmar og öruggar aðstæður.

Fyrirsjáanlegt er að kostnaður við akstur til og frá Húsavík/Raufarhöfn með nemendur bæði haust- og vor, verður gríðarlegur. Þá er ótalinn tíminn sem fer í ferðalögin og sá kennslutími sem tapast.

Þar sem niðurstaðan er sú að framkvæmdum verði frestað um eitt ár, fara skólaráð og stjórn foreldrafélags Öxarfjarðarskóla fram á að sundlauginni í Lundi verði haldið í nothæfu ástandi til skólasunds áfram þar til nýframkvæmda kemur.

Þá muni sundkennsla hefjast strax haustið 2026, en ekki vorið 2027 eins og áætlanir voru, þegar áætlanir voru um nýja sundlaug í Lundi vorið 2027.

Öxarfirði 25.mars 2026,

Skólaráð og stjórn foreldrafélags Öxarfjarðarskóla

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 18:00

Rakel Anna Boulter og
Hrund Ásgeirsdóttir